

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1866.
11. júní.

Með bréfi dagsettu 17. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmáður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem Páll Magnússon, er nú gegnir hreppstjórnar störfum í Hrafnagils hrepp, ber sig upp undan úrskurði yðar 7. marzmán. 1861, að því leyti sem með honum er ákveðið, að Sveinn nokkur Tómasson ekki geti hafa áunnið sér framfærslurétt í Helgastaða hrepp, vegna þess að hann hafi fengið þar sveitarstyrk; en hreppstjórinn, er nú var nefndur, heldur því fram, að styrkur sá, sem áðurgreindum Sveini Tómassyni var veittur veturinn 1859, þegar hann var búinn að vera meira en 9 ár í Helgastaða hrepp, verði ekki skoðaður eins og styrkur úr sveitarsjóði, og geti því ekki verið því til fyrirstöðu, að hann hafi áunnið sér framfærslurétt í hreppnum, þar sem hann hefir átt heima í 11 ár samfleytt.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að með því að það verður að álíta eptir upplýsingum þeim, sem fram hafa komið í máli þessu, að styrkur sá, sem Sveini Tómassyni var veittur veturinn 1859 í Helgastaða hrepp, hafi verið nauðsynlegur til viðurværis honum og fjölskyldu hans, og hann þar að auki hafði sjálfur beðið um styrkinn, hlýtur dómsmálastjórnin að fallast á þá skoðun amtsins, að hann hafi ekki áunnið sér sveit í Helgastaða hrepp.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir að flytja betrunarhúsfanga af skipi og út í betrunarhúsið.

14. júní.

Í bréfi dagsettu 20. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf ágreiningi milli yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun á kostnaðinum við að flytja Gunnar Kristjánsson, betrunarhúsfanga, er sendur var hingað frá Íslandi með skipinu Sókrat-